

# SAMÞYKKT

## um byggðarmerki Eyjafjarðarsveitar.



### 1. gr.

Byggðarmerki Eyjafjarðarsveitar skal vera tvílitur skjöldur, blár (Pantone process blue) og hvítur. Merkið sýnir fjöllin og ána, sem einkenna staðhætti. Grasið er tákni um gróðursæld og búasæld ásamt sólinni, sem undirstríkar veðursæld.

### 2. gr.

Í hátíðarútgáfu merkisins kemur silfraður litur (Pantone 877) í stað hvíta litarins. Hátíðarútgáfu byggðarmerkisins má aðeins nota þar sem merkið stendur eitt og sér, t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

### 3. gr.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, sveitarstjóri og stofnanir hreppsins nota skjaldarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum.

### 4. gr.

Notkun á byggðarmerki Eyjafjarðarsveitar er óheimil án samþykkis sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar, sbr. 29. gr. laga nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykkttri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema í sérstakri hátíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að hafa merkið í firmamerkjum og vörumerkjum eða nota það til stjórnsmálaáróðurs.

### 5. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins.

### 6. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki hreppsins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdrættir af merkinu eins og á að nota það. Hreppsskrifstofan í Eyjafjarðarsveit leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

*Félagsmálaráðuneytinu, 7. október 1998.*

**Páll Pétursson.**

*Sigríður Lillý Baldursdóttir.*